

Fundur skólaráðs 13. jan. 2015

Mættir voru: Halldóra Magnúsd. skólastjóri, Þórunn Jóhannsd. fulltrúi starfsmanna, María Eir fulltrúi kennara, Ingigerður Gíslad. fulltrúi foreldra og Guðbjörg M.Sveinsd. sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Farið yfir undirbúning og vinnu að skólanámskrá. Drögin liggja fyrir og verið er að vinna eftir þeim þetta skólaár.
2. Farið yfir skólareglur. Viðbrögð við brot á skólareglum eru aftast í kaflanum um skólareglur. Í kjölfarið urðu umræður um að nemendur borða í úlpum og með húfur í hádeginu
3. Húsnæðismál
Breyta á skipulagi í mötuneyti þannig að nemendur skammti sér sjálfir. Leiktæki á skólalóð var frestað í fjárhagsáætlunarvinnunni. Halldóra fór yfir næstu skref í tölumálum, innkaup á nemendavélum verða í forgrunni skv. áætlun, þráðlausu netið í Hópsskóla endurnýjað, spjaldtölvur fyrir nemendur í bekkjarsetti/vagnar. Framkvæmdir eru núna í gangi í félagsmiðstöðinni. Loka á ganginum niðri þannig að ekki sé hægt að fara um allan skóla. Vel hefur tekist með starfsemi félagsmiðstöðvarinnar. Enn er verið að móta aðstöðuna og starfsemina. Auka á húsgögn á göngum skólans og endurnýja húsgögn fyrir 1.bekk. Aðstaða fyrir sérkennslu í Hópsskóla þarf að endurskoða. Rætt hefur verið um að skipta upp verkgreinastofunni.
4. Önnur mál
Skv. áætlun á næsti fundur að vera 10. feb. en vegna leyfis Halldóru verður fundinum frestað til 17.feb.